

## **Félagsfundur Alnæmisbarna, 8. desember 2005**

Líf með alnæmi - hlutskipti kvenna í Afríku

Fundur Alnæmisbarna var haldinn í Alþjóðahúsinu fimmtudaginn 8. desember. Þórdís Sigurðardóttir (ÞSSÍ) og Nína Helgadóttir (RKÍ), flttu erindi um það hvernig alnæmisfaraldurinn hefur áhrif á störf og verkefni Rauða kross Íslands og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í sunnanverðri Afríku, sérstaklega með tilliti til aðstæðna kvenna. Ekki vannst tími til að sýna myndir frá CLF en það verður í staðinn fyrsti liður í dagskrá næsta fundar. Að loknum erindum sköpuðust líflegar umræður um stöðu kvenna í Afríku og þau áhrif sem hún hefur á útbreiðslu alnæmis.

Fundarstjóri var Hildur Gestsdóttir en fundurinn var hluti af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi.